# Útinám í Fellaskóla, Fellabæ

*skólaárið 2024-25*

ágúst

**yngsta stig:**

- ferð í Hallormsstað: Höfðavík-Trjásafnið-fljótið og skógurinn
- ofurhugahringekja: kaðlaklifur, skógargöng, ganga yfir planka og hoppa yfir skurð, ormagryfja (Búa til vistvænlegt heimili fyrir ánamaðka.)
- gönguferð í berjamó
- Tjalda og sjóða sultu á opnum eldi.
- á verndarsvæðinu: frjáls leikur og sultugerð
- fjöruferð að Lagarfljótinu
- leikir á fótboltavellinum (allir nemendur skólans í bland): krækiber, 50/50, fílafótbolti, stígvélakast

**miðstig:**

- ferð í Hallormsstað: gönguferð að Bjargselsbotnum + sumir í Höfðavík og að stóra klifurtrénu í neðsta reit
- hjólaferð í Selskóg: frjáls leikur
- gönguferð um bæinn og í móann

**unglingastig:**

- golf
- torfærubílar – Skoða bíla og verkstæði og spjalla við eiganda.
- gönguferð í Sorpu og fræðsla þar

- sundferð
- gönguferð – ruslatínsla
- Goose chase (þrautaratleikur um bæinn)
- *Þorgrímur Þráinsson – gestur í skólann - Ræddi við nemendur um að vera ástfangnir af lífinu strax, grípa tækifærin, þora að reyna í stað þess að bíða og sjá eftir því síðar að hafa ekki haft meiri trú á sér og rgripið tækifærin til að reyna.*

## <u>september</u>

**yngsta stig:** Lotan fjallar um jarðhræringar og flóttafólk.

- Tölfræði: Raða sér upp eftir afmælismánuðum.
- Samhjálp/samvinna: Geimfar lendir á sjó og hópurinn þarf að bjarga sér í sameiningu yfir á skútu.
- Formavinna: Finna form í umhverfinu, velta þeim fyrir sér og taka mynd á Ipad.
- Tilraunir: Eldgos búið til úr matarsóta og ediki. Aurskriður útbúnar í sand og mold. Malstraumurinn (vatnssvelgur) tvær vatnsflöskur og vatn.
- Samvinnuleikur: göt í laki - Koma boltum í göt eftir stafrófsröð og stafa Eldgos.
- Vindáttir: flögg og fánar til að sá hvaðan vindurinn blæs. Unnið með áttir.
- Áttavitar og vedur.is: og Ísland og hvar jarðskjálftar eiga sér stað hversu gamlir/ungir og hve sterkir
- Orðflokkar: Nafnorð allur hópurinn saman, einn leiðtogi fremst og annar aftast ganga í kringum skólann og safna nafnorðum enginn má vera með sama orðið. Skrifað á töflu og kyn, eintala, fleirtala og sérnöfn/samnöfn skoðuð.

- Lýsingarorð, ratleikur þar sem kannaðir voru litir á laufblöðum, hæð trjáa og vegalengdir á milli tveggja staða.

- Sagnorð, Ipad vinna þar sem hvert tók upp félaga sinn gera eitthvað. Allir skoða svo afraksturinn á einni stöð í hringekju síðar.

- björgunarleikur: að bjarga fjölskyldunni í gegnum þrautabraut að hjálparstöð („stiklað yfir á, klifrað upp fjall, sigið niður klett, í gegnum göng“ o.fl.)

- Tjalda og elda með prímus matarskammt með matartegundum sem fólk á flótta fær.

- Skoða, safna og greina laufblöð og trjátegundir. Velta fyrir sér árstíðabreytingum. Velja sér nokkur tré og taka myndir af þeim til samanburðar síðar á skólaárinu.

- gönguferð að skoða hreindýrskálf hjá bónda

- *BRAS – gestir í skólann – Eva Rún Þorgeirsdóttir og Blær Guðmundsdóttir – sögugerð, persónusköpun og uppbygging sögu*

**miðstig:**

- staðsetning fyrir ærslabelg sem er til hjá sveitarfélaginu: Skoða kort af Fellabæ, fara á nokkra staði, mæla og skrá upplýsingar um leyfi, framkvæmd, aðgengi, öryggi, náttúrufar, rissa upp hvernig svæðið myndi líta út með belg o.þ.h. Slá upplýsingar í tölvu, skoða og „kjósa“ um þann stað sem hverjum og einum fyndist heppilegastur miðað við upplýsingarnar sem verða síðan sendar ásamt skoðun nemenda, starfsmanna og foreldra á fulltrúa Múlaþings til að hafa í huga við ákvörðunartöku um staðsetningu belgsins.

- Grisjað á verndarsvæðinu + ljósmyndir teknar af nokkrum svæðum fyrir ærslabelginn.

- Eldstæðið – ávaxtaréttur með rjóma, sjálfsræktarstöð – skynfæri/heilatengingar/leikurinn Öskrandi tær, eldiviðurinn – skoða, greina, færa

- Finna hugmyndir/snið að verkefnum til að smíða með efniviðnum sem hefur safnast.
- Farið í leikinn Eina krónu.
- Eldstæðið – spaghetti o.fl., sjálfsræktarstöð – hugrekki/styrkur, efniviður – unnið meira með og smíðað borð við eldstæðið
- gönguferð í mýrlendi, móa og mela- og valllendi: plöntusýnum og steinum safnað.
- Unnið áfram með efniviðinn (eldiviðarskýli o.fl.), sjálfsræktarstöð – velja nafn á hópinn og minnistækni, eldstæðið – rauðkálsréttir og súpa.
- plöntugreining
- tálgun, skissur og skapandi skrif
- vettvangsferð á minjasafnið – Gengum yfir nesið í Safnahúsið og kynntum okkur hreindýr. Tókum strætó tilbaka.
- samfélagsrækt – samræðum um heimsmarkmiðin og hópeflisleikir
- leikur eins og köttur og mús með beinum röðum sem geta snúist og lokað leiðinni – Rjúpa reynir að ná rjúpuunga í gegnum völundarhús mishárra plantna til að gefa honum í gogginn.

**unglingastig:**

- staðsetning fyrir ærslabelg sem er til hjá sveitarfélaginu: Skoða kort af Fellabæ, fara á nokkra staði, mæla og skrá upplýsingar um leyfi, framkvæmd, aðgengi, öryggi, náttúrufar, rissa upp hvernig svæðið myndi líta út með belg o.þ.h. Slá upplýsingar í tölvu, skoða og „kjósa“ um þann stað sem hverjum og einum fyndist heppilegastur miðað við upplýsingarnar sem verða síðan sendar ásamt skoðun nemenda, starfsmanna og foreldra á fulltrúa Múlaþings til að hafa í huga við ákvörðunartöku um staðsetningu belgsins.
- ferð í Vallanes: lífræn ræktun, sjálfbærni (kyndingin, nýting á öspunum o.fl., kartöfluupptaka fyrir heimilisfræði)

- Listaverk með myndum úr sögunni um Lagarfljótsorminn hengdar upp á girðingu við körfuboltavöllinn/bílastæðin.

- fótbolti og berjatínsla

- Eldaður kartöfluréttur í eldstæðinu og hellt upp á jurtate.

- starfamessan í íþróttahúsinu fyrir ungmenni á Austurlandi

- eldstæðið og prímus – beikonkartöflur með púrrulauk, naan brauð og bananabrauð með súkkúlaði og rjóma

## <u>október</u>

**yngsta stig:**

- samlagning með stærðfræði keilum

- eldfjallaeyja, þorp, varnargarður, vegir o.fl. í sandinum

- þrautabraut og tímataka

- Kenna verðandi 1.b. leikina á skólalóðinni.

- Tína rusl úr nágrenninu, flokka ruslið og vigta það.

- frádráttur með steinum (leikur: Lok, lok og læs)

- birkifræsöfnun og söfnun, þurrkun og rannsóknir á laufblöðum

- greining trjátegunda

- Velja nokkur tré og taka myndir af þeim til að fylgjast með yfir veturinn.

- Skoða og fræðast um hreindýr.

- frjáls leikur á verndarsvæðinu

- gönguferð um umferðarmerki og öryggi í umferðinni
- bílahraðamælingar
- tálgun

**miðstig:**

- plöntugreining
- Leikur: Rjúpan reynir að gefa unganum fæðu en unginn hleypur undan í gegnum síbreytilegt völundarhús. (eins og köttur og mús en í röðum sem snúa sér þegar merki er gefið)
- Boccia, kúludæla (hitta með borðtenniskúlum eða steinum í eggjabakka) og trjábolir rúlla (koma nem. sem liggur ofan á út á enda með því að velta sér saman í takt)
- Smíða úr brettum og greinum á verndarsvæðinu (borð, kassa, hjólaramp, bekk o.fl.)
- birkifræsöfnun
- eftirtekt – ljósmyndaþraut – Farið í gönguferð og teknar myndir þannig að aðeins sést í brot af hlut. Skoða svo og rýna í hvaða hlutir þetta gætu verið.
- Farið á leikskólann og lesið fyrir börn þar.
- bílahraðamælingar
- Samvinnuleikir: Koma bolta og hringjum í fötu með mismunandi hætti, bæði áfram, afturábak, standandi og liggjandi, án þess að nota hendurnar. Koma keilum í hringi án þess að nota hendur. Færa keilu á milli hausa nem. sem krjúpa í röð án þess að nota hendurnar.
- Elda eggjahræru með pylsum á Prímus.
- Baka eplaköku í eldstæðispotti.

**unglingastig:**

- Kjarvalssýning í Sláturhúsinu
- *BRAS - Sólveig Thoroddssen - gestur í skólann – með tröllaleikþáttagerð (skuggar)*
- *Svavar Knútur – gestur í skólann – með tónleika og spjall um hvernig tónlitstin er ein leið til að átta sig á og fá útrás fyrir sterkum tilfinningum*
- bílahraðamælingar
- kransagerð
- smíðað úr ýmsu efni á verndarsvæðinu, t.d. brú yfir skurðinn, hjólaramp, bekk o.fl.
- félagsvist með eldri borgurum í Hlymsdölum
- að flétta körfu
- birkifræsöfnun
- Boccia og víkingakubbspilið
- gönguferð að borholum HEF og fræðsla þar
- samvinnuleikir: Koma bolta og hringjum í fötu með mismunandi hætti, bæði áfram, afturábak, standandi og liggjandi, án þess að nota hendurnar. Koma keilum í hringi án þess að nota hendur. Færa keilu á milli hausa nem. sem krjúpa í röð án þess að nota hendurnar.
- tjaldað, heitt kakó og kex meðan sagðar eru draugasögur í tjaldinu

nóvember

**yngsta stig:**

- ljósmyndasögugerð – Skoða og velja staðsetningu og skipuleggja sögu.
- bílahraðamælingar – upplifun nemenda
- frjáls leikur á verndarsvæðinu
- snjórannsóknir
- Dagur gegn einelti – útileikir í boði unglingastigs
- Mæla lengd og breidd fótboltavallarins.
- Vinna með mynstur, form, speglun í snjó.
- Búa til tölur með því að leggjast og mynda hvern tölustaf með líkamanum.
- Samvinnuleikur: Að hjálpast að við að vefa mjög langt band innan um tré í skógarreit og hjálpa hvert öðru undir og yfir til að komast í gegnum skóginn.
- Samvinnuleikur: Að haldast í hendur í langri röð og koma húlahring frá öðrum endanum að hinum án þess að sleppa höndunum.
- Renna sér í snjónum.
- *Arnrún María Magnúsdóttir: gestur í skólann til að kenna okkur betur um lausnahringinn til að leysa ýmis konar uppákomur í samskiptum*
- *Ingvar Birkir slökkviliðsmaður fræddi okkur um brunavarnir, eldhættu, viðbrögð o.fl.*

**miðstig:**

- flatarmálsútreikningar og hafnarbolti
- gönguferð og núvitund
- sleðaferðir
- frjáls leikur í snjónum
- hæðarmælingar hárra hluta með hlutfallsreikningi
- snjórannsóknir
- hnútar
- bílahraðamælingar
- Dagur gegn einelti: útileikir í boði unglingastigs
- Smíðar
- *Arnrún María Magnúsdóttir: gestur í skólann til að kenna okkur betur um lausnahringinn til að leysa ýmis konar uppákomur í samskiptum*

**unglingastig:**

- Dagur gegn einelti – útileikir í boði unglingastigs
- gönguferð um bæinn til að skrá ábendingar til Múlaþings varðandi gangstéttir, lýsingu o.fl. þess háttar sem mætti bæta í nærumhverfinu
- smíða brú yfir skurð
- hnútagerð
- frjáls leikur í snjónum

- útieldun – lummur og kakó
- fræðsla hjá hitaveitunni
- *Arnrún María Magnúsdóttir: gestur í skólann til að kenna okkur betur um lausnahringinn til að leysa ýmis konar uppákomur í samskiptum*

<u>desember</u>

**yngsta stig:**

- ljósmyndasögur: Nemendur semja sögu sem gerist utandyra, taka ljósmyndir af sér í stellingum eins og verið sé að leika í sögunni, setja þær í I-movie og segja söguna inn á myndasýninguna.
- lausnahringurinn: Rölt um skólalóðina og farið í styttri gönguferðir. Stoppað á leiðinni og rætt um hvers konar vandi gæti komið þar upp. Lausnahringurinn notaður til að finna hugsanlegar lausnir.
- friðarganga um Fellabæ með vasaljósum
- Mæla út leikvöllinn og teikna upp hvernig nem. myndu vilja hafa hann.
- *Ævintýri á aðventunni – Óperusýning með hópnum Hnoðri í norðri*

**miðstig:**

- Tína saman náttúrulegan efnivið fyrir jólaföndur.
- gönguferð með skynjun/núvitund
- hnútagerð
- frjáls leikur í snjónum

- ljósmyndasögur: Nemendur semja sögu sem gerist utandyra, taka ljósmyndir af sér í stellingum eins og verið sé að leika í sögunni, setja þær í I-movie og segja söguna inn á myndasýninguna.

- friðarganga um Fellabæ með vasaljósum

- skýjagláp – tegundir og ímyndunaraflið

- *Ævintýri á aðventunni – Óperusýning með hópnum Hnoðri í norðri*

**unglingastig:**

- Smíða bekki.

- friðarganga um Fellabæ með vasaljósum

- hnútagerð

- áhugamálslota

## janúar 2025

**yngsta stig:**

- listaverk í snjó með matarlit

- Búa til og rannsaka klakakertastjaka með sprittkertum.

- tilraunir að renna sér á pappakössum og plastpokum

- Teikna í snjó með matarlit eftir munnlegum fyrirmælum skv. mynd á blaði sem aðeins leiðbeinandi sér (ekki sá sem teiknar myndina).

- ljósmyndabingó: gönguferð til að þjálfa eftirtekt

**miðstig:**

- Búa til og rannsaka klakakertastjaka með sprittkertum.
- ljósmyndabingó – gönguferð með eftirtekt
- Rifja upp dansa fyrir þorrablót.
- samvinnuleikir: björgunareltingaleikur og mállaus/heyrnarlaus/blindur sækja hlut
- Reikna meðalummál trjáa, setja upplýsingarnar í Excel og sýna niðurstöður með myndriti.

**unglingastig:**

- Reikna stærð skv. ákv. hlutföllum og búa til reikistjörnurnar úr snjó.
- 